



Umsókn um samstarfssamning við Vestmannaeyjabæ vegna frístundastyrks til barna í íþrótt- og tómstundaiðkun

Markmið og tilgangur frístundastyrksins er:

- að styrkja 2 -18 ára börn í Vestmannaeyjum til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi og auka möguleika til þátttöku óháð efnahag
- að ýta undir aukna hreyfingu og félagsþátttöku 2-18 ára barna
- að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda
- auka virkni í frístundartíma barna

Forsendur samstarfssamnings er að starfsemi félags sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi. Starfsemin skal fara fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við tómstundastarf og þjálfun.

Félög, fyrirtæki og stofnanir sem vilja gera samstarfssamning við Vestmannaeyjabæ verða að auki að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- I. vera með skilgreinda starfsemi sem fellur undir markmið laga, reglugerða og stefnu Vestmannaeyjabæjar
- II. hafa rekstur undir eigin kennitölu
- III. hafa aðsetur í Vestmannaeyjum

Aðilar skila skilgreindri umsókn til Fjölskyldu- og fræðsluviðs sem metur umsóknir. Samstarfssamningur tekur gildi næsta virka dag eftir samþykkt sviðsins.

Samstarfsaðilar skulu ár hvert skila greinargerð til framkvæmdastjóra Fjölskyldu- og fræðsluviðs varðandi starfsemi sína og þar skal koma fram m.a. upplýsingar um fjölda iðkenda, eðli starfseminnar, gjaldskrá og vilja til áframhaldandi samstarfs.

Gildir samstarfsaðilar Vestmannaeyjabæjar skulu leitast við að stilla verðlagi á æfinga- og þátttökugjöldum í hóf og senda inn gjaldskrá sína til Fjölskyldu- og tómstundaráðs fyrir upphafi hverrar annar/tímabils.

Skilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi frá ári til árs er að aðildarfélög hækki ekki gjaldskrá sína umfram eðlilega vísitöluhækkun á ári hverju.

Umsóknaraðilar eru hvattir til að kynna sér reglur Vestmannaeyjabæjar um frístundastyrk til barna í íþrótt- og tómstundaiðkun.

Umsækjandi: _____

kt. _____ sími: _____

ábyrgðaraðili: _____

netfang: _____ heimasíða: _____

Upplýsingar sem þurfa að fylgja umsókn:

- Tegund starfsemi og starfssvæði
- Tímatöflur og námskeiðsframboð
- Gjaldskrá
- Upplýsingar um aðstöðu/húsnæði

Afgreiðsla fjölskyldu- og fræðsluviðs:

Samþykkt fyrir hönd fjölskyldu- og fræðsluviðs: _____

dags. _____